

**Nd.**

## **524. Breytingartillögur**

við frv. til 1. um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefur upp á mótum þriggja hrepps-félaga við Ölfusá, skal vera sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi eru þessar jarðir: Selfoss og Hagi ásamt Bjarkarspildu úr Sandvíkurhreppi og Hellir upp að þjóðveginum með Ingólfssfjalli ásamt Fossnesi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan eru taldar, hreppamörk hins nýja Salfosshrepps.

2. Við 3. gr. 2. málsg. orðist þannig:

Ölfushreppi greiðir Selfosshreppur bætur eftir mati fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá Ölfushreppi eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps.

3. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hrepps-nefndar Ölfushrepps um bætur þær, er í 3. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð. Skulu 5 menn skipa gerðardóminn, og eru tveir tilnefndir af hreppsnefnd Selfosshrepps, en tveir af hrepps-nefnd Ölfushrepps. Fimmta mann i gerðardóminn skipar sýslumaður Árnessýslu, og er sá forseti dómsins. Ágreiningsmálum milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps, er skiptin varða, má og skjóta til gerðardóms þessa, en þá tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps two menn af sinni hálfu að taka sæti í dóminum.

Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir þá aðila, sem að honum standa, og verður honum ekki áfrýjað.